

ÍSLENSKAR GETRAUNIR

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að grípa til aðgerða til að loka á auglýsingar og starfsemi erlendra spilafyrirtækja sem ekki hafa leyfi til starfsemi hér á landi.

Þá felur þingið UMFÍ að standa fyrir fræðslu innan hreyfingarinnar um veðmál með áherslu á forvarnir og ábyrga spilun.

Greinargerð:

Íslenskar getraunir eru eina fyrirtækið á Íslandi sem hefur lögbundið starfsleyfi á sviði íþróttaveðmála. Þrátt fyrir það starfa hér á landi fjöldi erlendra fyrirtækja án leyfis og auglýsa starfsemi sína.

Ágóði af rekstri Íslenskra getrauna rennur til aðildarfélaga ÍSÍ og UMFÍ og styrkir þar með uppbyggingu íþrótt- og æskulýðsstarfs um land allt. Á hinn bóginn fer ágóði erlendra spilafyrirtækja allur úr landi. Talið er að um sé að ræða fjárhæðir sem nema milljörðum króna á ári hverju.

Á ráðstefnu sem haldin var veturinn 2024-2025 um veðmálastarfsemi kom fram að veðmálafíkn er vaxandi vandamál í nágrannalöndunum og eru vísbendingar um að sama þróun sé hafin hér á landi. Mikilvægt er að grípa til aðgerða með fræðslu og forvarnarstarfi, sem og skýrum takmörkunum á ólöglegum söluleiðum.

Á sömu ráðstefnu var jafnframt farið yfir rannsókn sem sýndi að engin tengsl væru á milli spilavanda þeirra leikja sem íslenskar getraunir bjóða upp á. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að vernda leyfisbundna starfsemi, styrkja eftirlit með markaðnum og tryggja að tekjur haldist innanlands í þágu samfélagslegrar uppbyggingar.

Vísað til: